



## Félagsheimilið á Blönduósi ehf. FUNDUR – 15. október 2007

Fundur haldinn í stjórn Félagsheimilisins á Blönduósi mánudaginn 15. október 2007 klukkan 17:30 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting skv. undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Ráðningarsamningur við húsvörð.
2. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Nína Margrét setti fund og las upp drög að ráðningarsamningi við húsvörð, Heiðar Óskarsson sem hóf störf í dag þann 15. október. Samningurinn samþykktur samhljóða.
2. Taka þarf afstöðu til rafmagnslagna í eldhúsi og vill stjórnin leggja til að eldhúsið verði útbúið þannig að hægt sé að elda þar mat frá grunni.

Eins og áður hefur komið fram eru sætin í bíosalnum orðin léleg og er nýjum húsverði falið að kanna með kaup á notuðum sætum út stærri bíóhúsum.

Stjórnin leggur til að stjórn Félagsheimilisins ehf. verði lögð niður í núverandi mynd og bæjarráð taki við verkefnum hennar. Bæjarstjóra falið að kanna hvort þetta sé í samræmi við lög um hlutafélög og opinbera stjórnsýslu.

*Fleira ekki gert.*

*Fundi slitið kl. 18.30*

*Nína Margrét Pálmadóttir (sign.)  
Sigurður Jóhannesson (sign.)  
Héðinn Sigurðsson (sign.)  
Kári Kárason*

*Kristín Guðjónsdóttir (sign.)*